

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Elíasson, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnandans, Halldórs Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 9. desember 1960.

Nr. 199/1960. **Jens Sveinsson**

gegn

Karli Pálssyni, Páli Árnasyni og Birgi Árnasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frestbeiðni.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. nóvember 1960, sem hingað barst 25. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði um umbeðinn frest og varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum in solidum kærumálskostnað.

Varnaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jens Sveinsson, greiði varnaraðiljum, Karli Pálssyni, Páli Árnasyni og Birgi Árnasyni, kærumálskostnað, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 10. nóvember 1960.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 8. þ. m., hefur Jens Sveinsson skósmiður, Njálsgötu 25, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, útgefinni 10. maí 1960, gegn Karli Pálssyni, Kirkjuvegi 30, Keflavík, Páli Árnasyni, Hraunbrekku 8 í Hafnarfirði, og Birgi Árnasyni, Rauðalæk 35, hér í borg, til greiðslu in solidum á skuld, að fjárhæð kr. 40.990.00 með 7% ársvöxtum af kr. 47.500.00 frá 12. febrúar 1959 til 22. febrúar 1960 og 11% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera eftirstöðvar af andvirði handhafaskuldabréfs, að fjárhæð kr. 47.500.00, sem greiðast hafi átt með tólf afborgunum þann 1. maí og 1. september ár hvert, unz skuldin væri að fullu greidd, í fyrsta sinni þann 1. maí 1960. Þann 1. maí 1960 hafi orðið greiðslufall á greiðslu afborgunar og vaxta, en vextir hafi átt að greiðast eftir á á sömu gjalddögum og afborganir. Sé skuldabréfið því allt í gjalddaga fallið samkvæmt ákvæðum bréfsins.

Á þessi sjónarmið stefnanda hafa stefndu ekki viljað fallast og hafa því krafizt sýknu og málskostnaðar. Hafa stefndu m. a. á það bent, að hér sé um handhafabréf að ræða, sem lúta þeim reglum, að skuldareigandi verði að koma til skuldara með bréfið og sýna það til greiðslu á gjalddaga eða koma til hans tilkynningu um greiðslustað í tíma fyrir gjalddaga, en á þetta hafi skort hjá stefnanda. Stefnda Karli hafi ekki borizt tilkynning um skuldareiganda og greiðslustað fyrr en 7. maí 1960. Afborgunin, sem innt hafi verið af hendi, sé því nægjanlega tímanlega komin í hendur stefnanda þann 9. maí 1960.

Mál þetta var þingfest 31. maí s.l. Þann 14. júní s.l. skiluðu stefndu greinargerð. Síðan fengu umboðsmenn aðilja sameiginlega fresti til öflunar gagna til 28. júní. Er málið kom þá fyrir, óskaði umboðsmaður stefndu eftir fresti til 13. september til þess að leiða aðilja og vitni fyrir dóm í málinu. Umboðsmaður stefnanda neitaði að samþykkja frest þenna, og var atriðið tekið til úrskurðar. Með úrskurði, uppkveðnum 30. júní, var hinn umbeðni frestur veittur. Er málið kom fyrir þann 13. september, fengu umboðsmenn aðilja sameiginlegan frest til öflunar gagna til 11. október. Þann 16. september fóru fram yfirheyrslur í málinu. Komu þá fyrir dóminn stefnandi málsins, stefndi Birgir Árnason og vitnið Kjartan Bjarnason. Er málið kom

fyrir þann 8. þ. m., óskaði umboðsmaður stefndu eftir viku framhaldsfresti til að leiða fyrir dóm aðiljana Karl Pálsson og Pál Árnason og vitnið Ástu Magnúsdóttur. Umboðsmaður stefnanda neitaði að veita frest þenna. Umboðsmaður stefndu fékk þá bókað: „Ég átti símtal við fulltrúa borgardómara, Bjarna K. Bjarnason, hinn 4. þ. m. til þess að fá tíma til vitnaleiðslu í máli þessu, og ákvað dómarinn þá vitnaleiðslu kl. 10 f. h. mánudaginn 7. þ. m. Ég hringdi síðan á málflutningsskrifstofu Magnúsar Thorlacius hrl., umboðsmanns stefnanda, strax á eftir og átti símtal við starfsstúlku hans, sem tjáði mér, að Magnús Thorlacius væri veikur. Taldi ég mér þá ekki annað fært en að fá vitnaleiðslunni frestað, þar sem svo skammur tími væri til stefnu og ekki vitað, hvort Magnús yrði orðinn frískur. Átti ég því aftur símtal við dómarann um málið, og varð að samkomulagi, að vitnaleiðsla færi fram mánudaginn 14. þ. m. Þetta tilkynnti ég svo Magnúsi Thorlacius í símtali í gær, en hann lýsti því yfir, að hann myndi neita um frekari frest, þegar málið kæmi fyrir í dag.“ Ekkj náðist samkomulag um frestbeiðni þessa, og var atriðið þá tekið til úrskurðar að kröfu umboðsmanns stefndu.

Umboðsmaður stefndu skýrir rétt frá um símtöl þau, sem hann kveðst hafa átt við dómarann.

Af hálfu stefnanda hefur komið fram í greinargerð áskorun um, að stefndu komi allir fyrir dóm. Með skírskotun til þessa svo og þess, að ekkj virðist útilokað, að skýrslur þeirra, sem umboðsmaður stefndu ætlar að leiða fyrir dóm, kunni að hafa þýðingu um úrslit málsins, þykir eftir atvikum rétt að veita hinn umbeðna frest.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur er veittur.
